

3
10. jan. að geyma tíðindin, og á sínum tíma afhenda þau eptirmanni sínum í hreppstjórninni, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að hlutast til um, að þetta verði kunngjört í umdæmi yðar, svo og að leggja fyrir sýslumennina að sjá um útbýtingu viðkomandi exemplara til hinna einstöku hreppa hvers um sig. Í þessu tilliti munu sýslumönnum verða send hjeðan með póstum að minnsta kosti fjórum sinnum á ári saman við þau expl. af stjórnartíð. A, er samkvæmt brjefi mínu frá 1. ág. f. á. (Stjórnart. 1878 B. 108) eru send sýslumönnum til útbýtingar meðal hreppstjóra, jafnmörg expl. af B deild stjórnartíðindanna, og ber sýslumönnum þar eptir svo fljótt, sem unnt er, að útbýta þeim þannig, að hver hreppur sýslunnar fái 1 expl. — Þar að auki ber þeim að því er unnt er, að hafa eptirlit með því, að hreppstjórar geymi expl. þau af A og B deild stjórnartíðindanna, er þeim eru send, og þegar þeir á sínum tíma fara úr hreppstjórninni afhendi þau eptirmanni sínum.

Sýslumenn skulu, undir eins og þeir taka við stjórnartíðinda-sendingu, gæta að því, hvort nokkuð vanti í hana, og ef svo er, tafarlaust gefa ritstofu landshöfðingja skýrslu um það.

4
11. jan. — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um skatt af embættistekjum presta.* — Í brjefi frá 27. f. m. hafa stiptysfirvöldin látið í ljósi álit sitt um fyrirspurn prestsins á Vestmannaeyjum viðvíkjandi skyldu hans til að greiða tekjuskatt, og segið þjer meðal annars þetta:

1, Þar eð presturinn sjálfur býr á prestssetrinu Ofanleyti, og arðurinn af ábúð þess þannig rennur beinlínis til hans sjálfs, virðist hann eptir niðurlagsákvörðuninni í 5. gr. í lögum um tekjuskatt frá 14. desbr. 1877 ekki eiga að greiða þenna skatt af tekjum þeim eða tekjuauka, sem hann má álitast að hafa við það, að honum eru veitt leigulaus afnot prestssetursins.

3, Þegar prestur missir nokkurs í af embættistekjum sínum fyrir þá sök, að þær í raun og veru eru ófáanlegar hjá gjaldþegnum sökum örbyrgðar þeirra, þá virðist ekki eiga að reikna með sem skattskyldar þær tekjur, er þannig missast og ekki koma prestinum að neinum notum, án þess að hann geti við því gjört. Þar á móti virðist ekki næg ástæða til að undantaka þær tekjur frá skattinum, sem presturinn að vísu ekki hefir fengið, en sem hann sjálfur hefir eptirgefið, ef til vill af því, að hlutaðeigandi gjaldþegn átti bággt með að greiða þær af hendi, en samt sem áður án þess, að það sje sannad, að ekki hafi verið mögulegt að ná þeim hjá gjaldþegnum; en þetta virðist meiga álíta eptir ástæðum nægilega sannað, ekki einungis þegar gjörð hefir verið árangurlaus fjárnámstilraun hjá hlutaðeiganda, heldur einnig, þegar það að öðru leyti er vitanlegt, að hann er hreinn öreigi, t. a. m. þegar maður á gjalddaga hefir flosnað upp sökum bjargarleysis, svo að sveitin hefir orðið að taka heimilið að sjer til ráðstöfunar og framfærslu.

Með því jeg er yður samdóma um það, sem þjer þannig hafið tekið fram, vil jeg biðja yður að svara hlutaðeigandi presti samkvæmt þessu.

5
21. jan. — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gjaldheimtur og reikningsskil.* — Með umburðarbrjefi frá 16. maí 1876 (stj.tíð. B 51) til bæjarfógeta, sýslumanna og umboðsmanna um gjaldheimtur og reikningsskil, var það brýnt fyrir nefndum